



VINNUEFTIRLITIÐ

FRUMKVÆÐI • FORVARNIR • FAGMENNSKA

Ákvörðun nr. 3/2017

Álagning dagsekta á Okkar bakarí ehf. vegna vanrækslu á að fara eftir fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins

I. Málavextir

Í reglubundinni skoðun eftirlitsmanns Vinnueftirlits ríkisins til höfuðstöðva Okkar bakarís ehf., kt. 670812-0220 að Iðnbúð 2, 210 Garðabæ þann 10. júní 2015, var fyrirtækinu veitt eftirfarandi fyrirmæli:

- Að gera skyldi skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað.
- Að fyrirtækið skyldi tilnefna öryggisvörð og starfsmenn kjósa sér öryggistrúnaðarmann og tilkynna Vinnueftirliti ríkisins hverjir voru tilnefndir/kosnir.
- Að tryggja að öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður sækji námskeið um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- Að staðsetja skuli neyðarbjöllur í frystiklefum þannig að þær séu ekki hærra en 1,2 m frá gólfi.

Voru fyrirmælin gefin á grundvelli 14 gr. reglugerðar nr. 12/1965 um öryggisráðstafanir við frystikerfi og búnað í frystihúsum, Staðalsins IST EN 378-1:2008 um kælikerfi og varmadælur (viðauki D) og 5. gr., 14. gr., 21. gr., 24. gr. og 26. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum. Í ofangreindri ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins kom fram að fyrirtækið skyldi tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um það þegar úrbótum væri lokið.

Fyrirmælin voru ítrekuð tvisvar sinnum með bréfum sem Vinnueftirlit ríkisins sendi Okkar bakarí ehf. dags. 27. ágúst 2015, 15. janúar 2015 og 30. júní 2016. Þrátt fyrir þessar ítrekanir þá var ekki farið eftir þessum fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins.

Með bréfi, dags. 14. desember 2016, var athygli vakin á rétti aðila skv. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 að tjá sig um efni máls áður en ákvörðun yrði tekin í því. Kom fram í bréfinu að Vinnueftirlit ríkisins væri að íhuga að leggja dagsektir á fyrirtækið þar sem það hafði ekki farið að ofangreindum fyrirmælum stofnunarinnar. Okkar bakarí ehf. var veitt 14 daga frestur til að koma að andmælum áður en Vinnueftirlit ríkisins tæki ákvörðun um hvort leggja skyldi á fyrirtækið dagsektir, sbr. heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum. Enginn svör bárust Vinnueftirlitinu.

II. Niðurstaða

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum er það tilgangur laganna að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi. Samkvæmt 75. gr. laga nr. 46/1980 er það hlutverk Vinnueftirlits ríkisins að hafa eftirlit með lögunum. Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum erum mörg almenn efnisákvæði er kveða á um hvernig vinnuumhverfi starfsmanna skuli háttað og í reglum og reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra eru ákvæði laganna nánar útfærð.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 46/1980 er það skylda atvinnurekanda að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Skv. 37. gr., 42. gr. og 46. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, skal fylgja fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þar sem Okkar bakarí ehf. hefur ekki farið að framangreindum fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins þrátt fyrir að fyrirmælin hafi verið ítrekuð þá hefur stofnunin tekið þá ákvörðun að leggja á fyrirtækið dagsektir, sbr. heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 þangað til fyrirtækið uppfyllir lagaskyldur sínar, en sú grein kveður á um það, að ef ákvæði laga nr. 46/1980 eða reglna sem settar eru með stoð í þeim eru brotin og ekki er farið eftir ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins á grundvelli þeirra þá getur stofnunin ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðun beinist að greiði dagsektir þar til farið verður að henni.

Samkvæmt gögnum Vinnueftirlits ríkisins þá starfa 35 starfsmenn hjá Okkar bakarí ehf. en fyrirtækið rekur bakarí og stundar framleiðslu á brauði, nýju sætabrauði og kökum.

III. Ákvörðunarorð

„Okkar bakarí ehf., kt. 670812-0220 hefur brotið gegn 14 gr. reglugerðar nr. 12/1965 um öryggisráðstafanir við frystikerfi og búnað í frystihúsum, Staðlinum IST EN 378-1:2008 um kælikerfi og varmadætur (viðauki D) og 5. gr., 14. gr., 21. gr., 24. gr. og 26. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.

Af þeim sökum og með heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, leggur Vinnueftirlit ríkisins dagsektir á Okkar bakarí ehf. Skal fyrirtækið greiða kr. 40.000 á dag frá og með næsta degi eftir að fyrirtækinu var tilkynnt sannanlega um þennan úrskurð og þar til fyrirtækið hefur tilkynnt um úrbætur til Vinnueftirlits ríkisins í samræmi við ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins frá 10. júní 2015.”

Vinnueftirlit ríkisins